

Eignarhaldsfélagið  
Brunabótafélag Íslands  
Ársreikningur 2018

Eignarhaldsfélagið  
Brunabótafélag Íslands  
Hlíðarsmára 8  
201 Kópavogur

Kt. 480169-4179

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur fyrir árið 2018 .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

## Rekstur ársins 2018

Starfsemi félagsins á árinu 2018 fólst í fjármálastarfsemi. Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2018 að fjárhæð 27,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 2.084 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi eða um 67,3% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Á árinu störfuðu tveir starfsmenn hjá félaginu. Vísað er í skýringu 12 varðandi meðferð taps og aðrar breytingar á eigin fé félagsins.

Félagið ver hagnaði sínum til almenningsheilla með það að markmiði að efla brunavarnir sveitarfélaga landsins. Þá hefur félagið stuðlað að hagstæðri váttryggingarvernd og margvíslegum forvörnum á sviði váttrygginga fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra. Jafnframt hefur félagið styrkt ýmis verkefni á sviði forvarna í brunamálum s.s. útgáfa á kennslubók í viðbrögðum við gróðureldum í samvinnu við Mannvirkjastofnun, verkefni í brunavörnum inn á leikskólum landsins í samvinnu við slökkviliðin og slökkviálfana Loga og Glóð og þróun hugbúnaðar til að efla eftirlit með brunavörnum í samvinnu við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins og Mannvirkjastofnun. Þá hefur félagið tekið þátt í ýmsum forvarnarverkefnum á vegum Eldvarnabandalagsins, en aðilar að því auk EBÍ eru m.a. Mannvirkjastofnun, tryggingafélögin og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Stjórn Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Þann 7. september 2012 samþykkti stjórnin formlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Félagið hefur sett sér fjárfestingastefnu sem unnið er eftir við fjárfestingar. Þar er m.a. tilgreint hver séu markmið um skiptingu eigna niður á ábyrgðaraðila. Skv. núverandi stefnu er gert ráð fyrir að 57% eigna séu í ríkisbréfum og innlánum, 20% í innlendum og erlendum hlutabréfum og 4% í skuldabréfum sveitarfélaga. Meginmarkmið stefnunnar er að EBÍ standi undir skilgreindum lágmarksútgreiðslum til sveitarfélaganna og líkur á að skerða höfuðstól með útgreiðslum séu lágmarkaðar. Fjárfestingastefnan er endurskoðuð árlega. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og fundar með endurskoðendum félagsins.

Fjöldi sveitarfélaga sem á hlut í sameignarsjóði félagsins var 58 í árslok 2018. Hlutdeild sameignarsjóðsins er 38,8% (2017: 37,9%). Aðrir sameigendur skiptast þannig að 38,8% (2017: 39,6%) eru í eigu einstaklinga, 22,4% (2017: 22,5%) í eigu lögaðila. Sjá nánar í skýringu 16.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogur, 8. febrúar 2019

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Eignarhaldsfélags Brunabótafélag Íslands („félagið“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogur, 8. febrúar 2019

**KPMG ehf.**

*Hrafnhildur Helgadóttir*

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrartekjur</b>			
Gangvirðisbreytingar verðbréfa .....		152.315.857	234.725.669
Vaxtatekjur og verðbætur af handbæru fé .....		140.346	912.666
Fjármagnsgjöld .....	(	6.241.508)	( 7.634.651)
Söluhagnaður bifreiðar .....		1.231.000	0
		147.445.695	228.003.684
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	8	30.139.701	29.192.020
Lífeyrisskuldbinding .....	14	68.343.928	85.059.788
Rekstur húsnæðis .....		2.761.078	2.739.401
Annar rekstrarkostnaður .....		18.210.149	20.249.775
		119.454.856	137.240.984
Hagnaður fyrir fjármagnstekjuskatt .....		27.990.839	90.762.700
Fjármagnstekjuskattur .....	13	( 55.272.839)	( 54.833.843)
<b>(Tap) hagnaður ársins .....</b>		<b>( 27.282.000)</b>	<b>35.928.857</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Eignir</b>			
Skuldabréf og hlutdeildarskírteini .....	9	2.338.713.577	2.432.206.476
Hlutabréf og hlutabréfasjóðir .....	10	590.492.617	599.305.323
Verðbréf samtals		<u>2.929.206.194</u>	<u>3.031.511.799</u>
Rekstrarfjármunir .....	4,11	7.653.554	2.003.221
Handbært fé .....	5	161.855.315	112.907.561
Aðrar eignir samtals		<u>169.508.869</u>	<u>114.910.782</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>3.098.715.063</u>	<u>3.146.422.581</u>
 <b>Eigið fé</b>			
Sameignarsjóður .....		807.896.652	819.477.226
Annað eigið fé .....		1.276.460.035	1.342.161.461
Eigið fé samtals	6,12,16	<u>2.084.356.687</u>	<u>2.161.638.687</u>
 <b>Skuldir</b>			
Lífeyrisskuldbinding.....	14	869.658.385	870.905.994
Áfallinn fjármagnstekjuskattur .....	7,13	142.864.958	112.743.301
Ýmsar skammtímaskuldir .....	15	1.835.033	1.134.599
Aðrar skuldir samtals		<u>144.699.991</u>	<u>113.877.900</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>1.014.358.376</u>	<u>984.783.894</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>3.098.715.063</u>	<u>3.146.422.581</u>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Tap) hagnaður ársins .....	(	27.282.000)	35.928.857
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskrift bifreiðar .....		580.667	938.000
Söluhagnaður bifreiða .....	(	1.231.000)	0
Áfallinn fjármagnstekjuskattur, breyting .....		30.121.657	25.966.282
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	14 (	1.247.609)	17.294.848
Veltufé frá rekstri		941.715	80.127.987
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....		700.434	( 10.131.486)
Handbært fé frá rekstri		1.642.149	69.996.501
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Verðbréf, breyting .....		102.305.605	67.397.272
Fjárfesting í bifreið .....	10 (	6.700.000)	0
Söluverð bifreiða .....		1.700.000	0
Fjárfestingarhreyfingar		97.305.605	67.397.272
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Framlag til sveitarfélaga .....	12 (	50.000.000)	( 50.000.000)
Fjármögnunarhreyfingar		( 50.000.000)	( 50.000.000)
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....		48.947.754	87.393.773
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		112.907.561	25.513.788
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		161.855.315	112.907.561



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskyldu að verðbréf eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er gerður í íslenskum krónum.

### 2. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### 3. Verðbréf

Verðbréf samanstanda af skuldabréfum, hlutdeildarskírteinum og hlutabréfum og hlutabréfasjóðum eru færð til eignar á áætluðu markaðsverði í árslok.

### 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### 5. Handbært fé

Óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### 6. Eigið fé

Framlag til sveitarfélaga á grundvelli samþykka félagsins er fært til lækkunar á eigin fé.

### 7. Áfallinn fjármagnstekjuskattur

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er undanþegið greiðslu tekjuskatts samkvæmt 2. tölulið 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Félaginu ber hins vegar að skila fjármagnstekjuskatti af innleystum fjármunatekjum.

### 8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2018	2017
Laun .....	17.265	16.467
Stjórnarlausn .....	6.408	6.156
Launatengd gjöld .....	6.468	6.568
Laun, launatengd gjöld samtals .....	<u>30.140</u>	<u>29.192</u>
Starfsmenn að meðaltali .....	1,5	1,5

Laun framkvæmdastjóra nema 15.478 þús. kr. á árinu 2018 (2017: 14.931 þús.kr.).

### 9. Skuldabréf og hlutdeildarskírteini

Skuldabréf og hlutdeildarskírteini félagsins í árslok greinast þannig:

Skuldabréf skráð í Kauphöll Íslands .....	571.907	588.616
Skuldabréfasjóðir .....	1.766.807	1.843.590
	<u>2.338.714</u>	<u>2.432.206</u>

## Skýringar, frh.:

### 10. Hlutabréf og hlutabréfasjóðir

Hlutabréf og hlutabréfasjóðir félagsins í árslok greinast þannig:	2018	2017
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands .....	211.245	187.196
Hlutabréfasjóðir .....	335.584	375.830
Óskráð hlutabréf .....	43.664	36.279
	<u>590.493</u>	<u>599.305</u>

### 11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Innréttingar	Samtals
Heildarverð 1.1.2018 .....	4.690	1.065	5.755
Keypt á árinu .....	6.700	0	6.700
Selt á árinu .....	( 4.690)	0	( 4.690)
Heildarverð 31.12.2018 .....	<u>6.700</u>	<u>1.065</u>	<u>7.765</u>
Afskriftir 1.1.2018 .....	3.752	0	3.752
Afskrift færð út .....	( 4.221)	0	( 4.221)
Afskrifað á árinu .....	580	0	580
Afskriftir 31.12.2018 .....	<u>111</u>	<u>0</u>	<u>111</u>
Bókfært verð 31.12.2018 .....	<u>6.589</u>	<u>1.065</u>	<u>7.654</u>
Afskriftahlutfall .....	20%	0%	

Innréttingar í árslok 2018 eru listaverk sem ekki eru afskrifuð.

### 12. Eigið fé

Eiginfjárreikningar í lok ársins 2018 og breytingar á þeim á árinu greinast þannig:

	Sameignar- sjóður	Annað eigið fé*	Samtals
Eigið fé 1.1.2018 .....	819.477	1.342.162	2.161.639
Framlag til sveitarfélaga .....		( 50.000)	( 50.000)
Tap ársins .....		( 27.282)	( 27.282)
Fært í sameignarsjóð .....	( 11.580)	11.580	0
Eigið fé 31.12.2018 .....	<u>807.897</u>	<u>1.276.460</u>	<u>2.084.357</u>

Hlutdeild sameignarsjóðsins í eigin fé er byggð á hutfallslegri skiptingu eigin fjár milli eignaraðila sbr. skýringu 16.

\*Félagið færir verðbréfaeign sína á gangvirði gegnum rekstrarreikning í samræmi við reikningskilareglur. Samkvæmt 38. gr. laga um ársreikninga, skal færa sömu fjárhæð vegna matsbreytinga á fjáreignum sem tilgreindar eru á gangvirði við upphaflega skráningu af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af að teknu tilliti til skattáhrifa.

Binding gangvirðisbreytinga hófst í ársbyrjun 2016. Óinnleystur gengishagnaður í árslok 2018 nam 649 millj. kr.

## Skýringar, frh.:

### 13. Skuldbindingar

Félagið er undanþegið greiðslu tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003 eins og forveri þess Brunabótafélag Íslands var allt frá stofnun. Félagið hefur hins vegar greitt fjármagnstekjuskatt af innleystum vaxtatekjum á grundvelli 4. mgr. 72. gr. laga nr. 75/1981 síðan ákvæðin um fjármagnstekjuskatt komu til framkvæmda á árinu 1997. Á árinu 2018 nam innleystur fjármagnstekjuskattur 25,2 millj. kr.

Fjármagnstekjuskattur greinist þannig:

	2018	2017
Fjármagnstekjurskattur í upphafi árs .....	112.743	86.777
Reiknaður fjármagnstekjuskattur á árinu .....	55.273	54.834
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu .....	( 25.151)	( 28.868)
Fjármagnstekjurskattur í lok árs .....	142.865	112.743

### 14. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna fyrirverandi starfsmanna þess. Félagið greiðir hluta af eftirlaunum fyrirverandi starfsmanna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og námu slíkar greiðslur um 70 millj. kr. á árinu. Lífeyrisskuldbinding félgsins er reiknuð af tryggingastærðfræðingi miðað við 2% vexti. Lífeyrisskuldbindingin nam um 870 millj. kr. í árslok 2018 og er hún færð í ársreikninginn.

### 15. Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir greinast þannig:	2018	2017
Ógreiddir reikningar .....	99	0
Ógreidd launatengd gjöld .....	1.736	1.135
Ýmsar skammtímaskuldir, samtals .....	1.835	1.135

### 16. Önnur mál

Samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands eru sameigendur félagsins tryggingatakar og sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins eftir nánari reglum laganna. Eignarréttindi tryggingataka falla til sameignarsjóðsins þegar eignaraðild þeirra verður óvirk samkvæmt 15. gr. laganna. Eignaraðild að félaginu var sem hér segir í árslok.

Tryggingatakar .....	61,24	62,09
Sameignarsjóður .....	38,76	37,91
	100,00	100,00

Félagið hefur skuldbundið sig til leigu á húsnæði undir starfsstöð sína. Samningurinn er ótímabundinn og er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.